

# Fundargerð foreldrafélags Kársnesskóla 07.06.2016

Mætt voru: Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, Þröstur Jónasson, Oddur Ingólfsson, Hildur Ýr Ísberg, Sverrir Tryggvason, Fanney Long Einarsdóttir, Stéphane Aubergy auk Svövu Magnúsdóttur og Brynhildar Jónsdóttur sem komu til að skila af sér bókhaldi og skrifa undir prókúru

## Verkaskipting Stjórnar

Hildur tekur að sér formennsku.

Þröstur, ritari.

Fanney, gjaldkeri og fulltrúi í Samkóp.

Sigríður Þrúður, fulltrúi í skólaráði.

## Á döfinni

Eftir er að skila skýrslu stjórnar, fundargerð aðalfundar og ársreikning til Völu til að setja inn á heimasíðu foreldrafélagsins, Sigríður Þrúður ætlar að koma því til skila.

Oddur óskar eftir að fá gjaldkera á uppgjörsfund vorhátíðarnefndar til að gera upp útlagðan kostað meðlima. Brynhildur ætlar að mæta og gera upp meðan beðið er eftir að prókúra nýs gjaldkera verði frágengin.

Allir skrifuðu undir nýja prókúru fyrir gjaldkera.

Oddur og Fanney taka að sér að leita tilboða í bankaþjónustu félagsins.

## Önnur mál:

- Kársnesskóli fær kr.15.000.000 í endurbætur á lóðum. Ákveðið var af hálfu garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar, Skólastjóra Kársnesskól og formanni foreldrafélags, fyrir hönd félagsins, að leggja frekar í lóðina við Skólagerði og tillögur þar um hafa verið lagðar fram. Breyta á svæðinu austan og aftan við íþróttahúsið í leiksvæði. Góður rómur var gerður af þessum tillögum bæjarins. Þó var ákveðið að spyrjast fyrir hjá bænum um stýstahættu af trampolinum en að öðrum kosti að samþykka tillögurnar.
- 

Foreldrafélagið vill hvetja til þess að haldið verði áfram að endurbæta skólalóðir við Kársnesskóla og næst verið horft á lóðina við Vallargerði.

Þröstur ætlar að tala við Bryndísi hjá SamFok og heyra hvaða reynsla hefur komið af trampólinunum í Reykjavík.

Þröstur finnur tíma með Sólveigu hjá heimli og skóla fyrir bekkjarfulltrúarnámskeið í September.

Fyrsti fundur eftir sumarfrí settur mánudaginn 22 ágúst klukkan 20:00 til að skipuleggja vetrarstarfið.

Fundi slitið